

Ed.

121. Breytingartillaga

[45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 2. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra. Nú tekur ferðamálasjóður lán með vísitöluákvæði eða fær til starfsemi sinnar vísitölutryggt fé, sbr. 27. gr., og skal þá sá hluti af lánum úr sjóðnum, er samsvarar hinu vísitölutryggða fé, vera með vísitöluákvæðum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu. Vextir af lánum með vísitöluákvæði skulu ekki vera hærri en 4%.